



Samráð



**Höfundar:** Gísli Björnsson og Ragnar Smárason

**Aðstoðarkonur höfunda:**

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir

**Forsíðumynd:** Elín Sigríður María Ólafsdóttir

**Teikningar:** Auður Ýr



**Jafnrétti fyrir alla** og Menntavísindasvið Háskóla Íslands standa að útgáfu handbókar um samráð.

- Handbókin er ætluð þeim sem standa fyrir samráði (ríki og sveitarfélögum) og fötluðu fólki sem tekur þátt í samráði.
  - Handbókin er gefin út í kjölfar breytinga á íslenskum lögum um þjónustu við fatlað fólk.
  - Handbókin er rituð á almennu auðlesnu máli.
- 

Verkefnið **Jafnrétti fyrir alla** hefur verið starfrækt frá árinu 2015 við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kveikjan að verkefninu var sú að Ragnar og Gísli útskrifuðust úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands og höfðu áhuga á að starfa innan háskólans við rannsóknir og fræðslu. Stofnuðu þeir til samstarfs við Kristínu Björnsdóttur prófessor á Menntavísindasviði og til varð verkefnið **Jafnrétti fyrir alla**.

---

**Jafnrétti fyrir alla** hefur tekið að sér fjölbreytt verkefni svo sem:

- Framkvæmt samvinnurannsókn um upplifun, reynslu og aðgengi karla með þroskahömlun að jafnréttisstarfi.
- Jafnréttisfræðslu í framhaldsskólum og háskólum.
- Haldið úti vefsíðu með fróðlegu efni.
- Tekið þátt í ráðstefnum.



### Um höfunda:

Gísli Björnsson er verkefnastjóri **Jafnréttis fyrir alla** hjá Háskóla Íslands. Gísli er einn af sendiherrum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



Ragnar Smáráson er verkefnastjóri **Jafnréttis fyrir alla** hjá Háskóla Íslands. Ragnar hefur starfað sem fyrirlesari á ýmsum vettvangi.



Freyja Haraldsdóttir er doktorsnemi og aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er jafnframt þroskaþjálfari og kynjafræðingur að mennt.



Embla Guðrúnar Ágústsdóttir er félagsfræðingur og talskona Tabú. Hún starfar nú hjá Háskóla Íslands sem stundakennari og verkefnastjóri.

# 1 Samráð

Samráð við fatlað fólk er nauðsynlegt þegar unnið er að:

- Lagasetningu
- Stefnumótun
- Skipulagi þjónustu

Með samráði er hægt að tryggja jákvæð áhrif ákvarðana á líf fatlaðs fólks, auka gæði og koma í veg fyrir mistök sem tefja ferli.

Samráð felst í því að stjórnmalafólk, embættisfólk og aðrir sem eru leiðandi í þjónustu fyrir fatlað fólk afli upplýsinga og fái ráðgjöf frá fötluðu fólki.

Samráð felst í því að veita fötluðu fólki völd og tækifæri til þátttöku við að semja lög og reglur er varða það sjálft.

Fatlaður einstaklingur er sérfræðingur í sínu eigin lífi. Fatlað fólk hefur bestu forsendurnar til þess að leiða stórar og smáar samfélagsbreytingar sem varða hópinn.

Með samráði má auka vitund stjórnvalda og almennings um réttindi, aðstæður og þarfir fatlaðs fólks.



„Samráð hefur oft ekki skilað tilætluðum árangri af því það er ekki tekið mark á okkur. Við höfum verið fengin í ýmsar nefndir og ráð en þegar á hólminn er komið er alltaf litið svo á að heyrandi fólk viti best.

*Fordómar og forræðishyggja hindra gott samráð.“*

**Heiðís Dögg Eiríksdóttir,**  
formaður Félags heyrnalausra

# Margþætt mismunun

Fatlað fólk tilheyrir mörgum ólíkum hópum innan samfélagsins, það hefur áhrif á stöðu þess og reynslu. Þannig getur fötluð kona af erlendum uppruna verið í annarri stöðu en fatlaður íslenskur karlmaður.

Fatlanir eru ólíkar og sömuleiðis þarfir og aðstæður fatlaðs fólks. Í gegnum tíðina hafa tilteknir hópar fatlaðs fólks haft minni aðgang að samráði en aðrir. Til dæmis hefur fólk með þroska-hömlun og einhverft fólk haft takmarkað aðgengi að samráði.

**Mikilvægt er að haft sé samráð við fjölbreyttan hóp fatlaðs fólks.**



*„Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að stöðu fólks sem býr við margþætta mismunun. Margir innflytjendur búa til dæmis við fátækt og þurfa því að vinna mikið. Það getur því verið flókið fyrir fólk í þeirri stöðu að finna tíma til að taka þátt í samráði og mæta á fundi. Þegar kemur að samráði skiptir eftirfylgni einnig miklu máli.“*

**Nichole Leigh Mosty,**  
verkefnastjóri

# Rétturinn til samráðs

Í **Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks** er fjallað sérstaklega um samráð í greinum 4.3 og 33.3.

Í íslenskum **lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir** er fjallað sérstaklega um samráð í grein 36 en minnst er á samráð í mörgum öðrum greinum laganna.

Jafnframt hefur **Eftirlitsnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks** sent frá sér nánari útskýringar (General comment nr. 7) þar sem rétturinn til samráðs er útskýrður sérstaklega.

Í íslenskum **lögum um þjónustu við fatlað fólk** segir að stofna skuli samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir velferðarráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks. Í lögnum kemur fram að fatlað fólk skuli vera í meirihluta í nefndinni. Í lögnum er líka kveðið á um að hafa skuli samráð við notendaráð fatlaðs fólks í sveitarfélögum.



*„Mér finnst samráð ganga best þar sem margir fulltrúar eru fatlaðir og gott skipulag er á fundum. Þannig náum við meiri árangri og betri skilningi á aðstæðum fatlaðs fólks. Því miður er ég oftast eina fatlaða manneskjan á samráðsfundum.“*

**María Hreiðarsdóttir, baráttukona**

**Samningur Sameinuðu þjóðanna** segir að hafa skuli náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fötluð börn.

### Hafa á samráð þegar

- Lög eru sett.
- Lögum fylgt eftir og reglugerðir búnar til.
- Teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á fatlað fólk.
- Fylgst er með framkvæmd og eftirliti samningsins.

Í athugasemdunum setur **Eftirlitsnefndin** upp lista yfir hvað þarf að gera til að tryggja samráð. Hér eru nokkur atriði af þeim lista:

- Aðildarríkin skulu styðja við samtök fatlaðs fólks til dæmis með því að:
  - veita styrki,
  - stuðning og
  - þjálfun,
  - gefa samtökunum tíma til að vinna og bregðast við og
  - styðja fatlað fólk við að búa til regnhlífasamtök og samtök óháð skerðingum.
- Vinna sérstaklega með samtökum fatlaðra kvenna og stúlkna og samtökum fatlaðra barna og ungmenna.
- Tryggja að óformleg samtök eða hreyfingar fatlaðs fólks geti tekið þátt í samráði.
- Hafa samráð við samtök fatlaðs fólks í öðrum málaflokkum til dæmis varðandi umhverfismál.



# Samtök fatlaðs fólks

Samtök fatlaðs fólks og samtök fyrir fatlað fólk eru **ekki** það sama.

Eftirlitsnefndin leggur megináherslu á að hafa skuli samráð við samtök fatlaðs fólks. Útskýrir eftirlitsnefndin muninn milli samtaka fatlaðs fólks og samtaka fyrir fatlað fólk svona:

**Samtök fatlaðs fólks** eru samtök í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks. Þar eru meðlimir og stjórnendur samtakanna fatlað fólk sjálf.

**Samtök fyrir fatlað fólk** eru samtök sem ófatlað fólk rekur og stjórnar stundum með fötluðu fólki og stundum ekki. Geta þetta til dæmis verið þjónustumiðstöðvar, hagsmunasamtök og áhugasamtök.

Að mati Eftirlitsnefndarinnar verða samtök að vera alfarið undir stjórn fatlaðs fólks til að teljast **Samtök fatlaðs fólks**. Hlutverk ófatlaðs fólks í slíkum samtökum er einungis að aðstoða og styðja fatlað fólk til að tala fyrir sig sjálf.

# Aðgengi að samráði

## Hvað er aðgengi?

Margir halda að nóg sé að hafa lyftu og ramp svo aðgengi sé tryggt. Þótt aðgengi að umhverfinu sé mikilvægt er margt annað sem þarf að huga að, til dæmis:

- Aðgengi að upplýsingum.
- Túlkaþjónustu.
- Skipulag funda.
- Samskipti á auðskildu og skýru máli.
- Gera ráð fyrir aðstoðarfólki.

Í samráði skiptir máli að þessir þættir séu í lagi svo samráðið skili tilsettum árangri. Þá er mikilvægt að passa sérstaklega upp á að samráðsaðilar séu hluti af öllu ferlinu.

*„Ég sat í samráðsnefnd með fjölda fulltrúa ólíkra stofnanna. Við fatlað fólk vorum í talsverðum minnihluta. Ég þurfti því miður að segja mig frá setu í nefndinni vegna þess að vinnufyrirkomulagið á fundunum var óaðgengilegt. Öllu var varpað upp á skjá og unnið í skjölum þannig, svo það var engin leið fyrir mig að fylgjast með því sem fram fór. Svona voru þau bara vön að vinna. Skoðaðar voru leiðir til að breyta fyrirkomulaginu en mikil tímapressa var á nefndinni að skila af sér tillögum svo ekki var hægt að gera breytingar. Það hefði þurft að huga að þessu þegar samráðið var skipulagt.“*

**Ágústa Eir Guðnýjardóttir, baráttukona**



## Áður en fundur er haldinn þarf að:

- Hafa samband við þá sem funda og fá upplýsingar um aðgengisþarfir hvers og eins.
  - Þetta þarf að gerast tímanlega svo hægt sé að bregðast við og gera viðeigandi ráðstafanir.
- Tryggja aðgengi að fundarstaðnum og huga til dæmis að:
  - Aðgengi að salernum.
  - Hvort bílastæði séu nálægt inngangi.
- Tryggja að efni funda sé á aðgengilegu formi fyrir þá sem að samráðinu koma.
- Tryggja að fundargögn berist tímanlega svo allir geti kynnt sér þau fyrir fundi.
- Tryggja að táknaðs-, rit- eða tungumálatúlkun sé til staðar, sé þess þörf.
- Tryggja að fólk með þroskahömlun fái viðeigandi stuðning til að geta tekið virkan þátt. Slíkur stuðningur getur til dæmis verið:
  - Að lesa fundargögn.
  - Fylgjast með og svara tölvupóstum.
  - Fá áminningu um fundi.
- Tryggja að aðstoðarmaður eða túlkur sé á fundinum.



## **Á meðan á fundi stendur þarf að tryggja að:**

- Allir kynni sig í upphafi svo ljóst sé hverjir eru á fundinum.
- Skipulag fundarins sé skýrt og að þeir séu ekki of langir.
- Tímaáætlun standist.
  - Skiptir miklu máli fyrir notendur ferðaþjónustu, túlka og aðstoðarfólk.
- Kaffipásur séu nægilega langar.
  - Fólk er misfljótt að meðtaka efnið og gæti þurft að hugsa sig um, athyglin er misgóð og löng hjá fólki og gott er að hreyfa sig.
- Allir fái tækifæri til að tjá sig – hlustað sé og borin virðing fyrir ólíkum tjáskiptaleiðum.
- Myndrænir þættir séu útskýrðir með orðum ef fólk sér ekki til dæmis glærur.
- Talað sé við fatlað fólk sjálft, ekki aðstoðarfólk eða túlka.

**Mikilvægt er að muna að samráð felur í sér samstarf við breiðan hóp fatlaðs fólks yfir langt tímabil. Að boða eina fatlaða manneskju á einn fund telst ekki samráð.**



# 5

# Hagsmunasamtök og þjónustuaðilar

## Átak – félag fólks með þroskahömlun

[lesa.is](http://lesa.is) · sími 854 1993

## Þroskahjálp

[throskahjalp.is](http://throskahjalp.is) · sími 588 9390

## Öryrkjabandalag Íslands

[obi.is](http://obi.is) · sími 530 6700

## NPA miðstöðin

[npa.is](http://npa.is) · sími 567 8270

## Félag heyrnarlausra

[deaf.is](http://deaf.is) · sími 561 3560

## Blindrafélagið

[blind.is](http://blind.is) · sími 525 0000

## Geðhjálp

[gedhjalp.is](http://gedhjalp.is) · sími 570 1700

## Þjónusta

### Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

[shh.is](http://shh.is) · sími 562 7702

### Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

[midstod.is](http://midstod.is) · sími 545 5800

### Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

[thekkingarmidstod.is](http://thekkingarmidstod.is) · sími 550 0118

### Fjölmenningarsetur

[mcc.is](http://mcc.is) · sími 450 3090

### Mannréttindaskrifstofa Íslands

[humanrights.is](http://humanrights.is) · sími 552 2720



## Til minnis

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Styrktaraðilar




HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ




Menntavísindastofnun





**#jafnrettifyriralla**

 **allirjafnir**

 **Jafnrétti fyrir alla**

**[www.jafnrettifyriralla.is](http://www.jafnrettifyriralla.is)**